

Skipulagsstjóri  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík 13. september 2016  
UST201608-133/K.S.J.  
10.04.02


**Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, í landi Suðurrhúsa**


Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 26. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, í landi Suðurrhúsa.

Í lýsingu kemur fram að með áætlaðri breytingu verður um 4 ha af landbúnaðarlandi breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu, þar sem áætlað er að byggja lítil sumarhús fyrir ferðaþjónustu.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Svava Pétursdóttir  
Lögfræðingur